

## Náttúruverndarstofnun

Flóahreppur  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Þingborg,  
803 Selfossi (dreifbýli)

Garðabær, 6. mars 2025  
202501-0164/A.B.  
08.01

### **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 - Hjálmholt og Áshildarmýri - Vatnsból og vatnsverndarsvæði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða - og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna vatnsbóla og vatnsverndarsvæðis innan Hjálmhólts og Áshildarmýrar.

Í greinargerð kemur fram að með breytingunni verður sett inn nýtt vatnsból í Áshildarmýri í Flóahreppi og vatnsverndarsvæði sem nær til beggja sveitarfélaga. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun.

#### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að svæðið er nokkuð flatt, mosavaxið hraun. Náttúruverndarstofnun bendir á að hraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun, en ekki er gert ráð fyrir að stefna í breyttu skipulagi hafi áhrif á jarðmyndanir eða gróður því engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Ingibjörg M. Bjarnadóttir

**sérfræðingur**